

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1941.

Lög um Búnaðarbanka Íslands, undirskrifuð af ríkisstjóra 7. nóvember 1941, nr. 115.

Lög um útgáfu krónuseðla, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 116.

Opið bréf ríkisstjóra Íslands um þingslit, undirskrifað af ríkisstjóra 21. nóvember 1941, nr. 117.

Reglugerð um viðauka við reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 8 frá 9. okt. 1912, undirskrifuð af ríkisstjóra 9. desember 1941, nr. 118.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Rang- 164 árvallasýslu, um flutning þingstaðar. 26. sept.

Samkvæmt tillögu yðar, herra sýslumaður, og beiðni hreppsnefndarinnar í Vestur-Eyjafjallahreppi, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Yzta-Skála í samkomuhúsið að Heimalandi, enda annist hreppsnefndin um að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

Bréf fjármálaráðuneytisins til tollstjórans í Reykjavík, um toll af 165 efni til að vatnspétta með steinsteypu. 28. okt.

Hér með er yður tjáð, herra tollstjóri, að ráðuneytið hefur ákveðið að fyrst um sinn, þar til er öðruvísi verður ákveðið, skuli tolla efni til að vatnspétta steinsteypu með 7 auru vörumagnstolli á kg og 8% verðtollu.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð Kennaraskólans í Reykjavík nr. 82 frá 19. júlí 1934

166
1. okt.

4. gr.

Önnur lína gr. orðist svo: Að nemandi, sem tekinn er í fyrsta bekk, sé að jafnaði fullra 18 ára ...

10. gr.

Framan við 16. lið bætist:

Nemendur skulu geta sungið og leikið eftir nótum einrödduð algeng lög á eitt-hvert hljóðfæri og hafa numið undirstöðuatriði almennrar söngfræði. Undanþágu frá þessu námi getur skólastjóri veitt í samráði við söngkennarann, ef nemandi telst ekki hæfur til námsins.

11. gr.

Fjórða málsg. byrji svo: Auk æfingastundanna sjálfra skal hver nemandi þriðja bekkjar, þegar þess er kostur, kenna og stjórna ...

166

1. okt.

Þriðja málsgr. orðist svo: Í kennslufræði skal vera skriflegt próf. Skólastjóri velur ritgerðarefni í samráði við æfingakennarana og skulu nemendur fá að velja á milli þriggja verkefna, sem þeir fá að vita um með sólarhrings fyrirvara að minnsta kosti.

16. gr.

18. gr.

Greinin orðist svo: Kennarar skulu gefa nemendum vetrareinkunnir hver í sínum greinum um það leyti, er kennslu lýkur að vorinu. Einkunnir þessar skulu birtar nemendum. Meðaltal þeirrar prófseinkunnar, er prófdómandi gefur og kennari, og vetrareinkunnar, verður fullnaðareinkunn í hverri grein fyrir sig.

21. gr.

Upphafið orðist svo: Til þess að standast inntökupróf og árspróf þarf að minnsta kosti 5 í meðaleinkunn.

25. gr.

Á eftir orðunum: „Kristnum fræðum“ í upphafi fjórðu línu komi: heilsufræði og teiknun.

Reglugerð þessi staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 1. október 1941.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

167

1. okt.

REGLUR

um viðskipti talstöðva og loftskeytastöðva í íslenskum skipum.

Með tilliti til þess ástands, er nú ríkir, og samkvæmt reglugerð frá 28. desember 1940, um notkun loftskeytastöðva og talstöðva í íslenskum skipum, eru hér með settar eftirfarandi reglur um viðskipti talstöðva og loftskeytastöðva í íslenskum skipum:

1. Öll samtöl við einstaklinga í landi eru bönnuð.
2. Öll viðskipti við land, hvort sem er frá talstöðvum eða loftskeytastöðvum, fari fram í skeytaformi, og afrit af skeytunum sendist póst- og símamálastjórninni strax eftir hver mánaðarmót.
3. Öll samtöl milli skipa fari aðeins fram á 188 metra öldulengd, en þó skal 181,8 metra öldulengd notuð til þess, og einungis til þess, að kalla upp aðrar stöðvar og til neyðarþjónustu.
4. Samtöl milli skipa mega aðeins innihalda nauðsynlegustu tilkynningar, er varða beinlínis fiskveiðarnar. Er stranglega bannað að gefa nokkrar upplýsingar um veður gegnum talstöðvar skipanna, hvort heldur er í viðskiptum milli skipa eða við strandarstöð. Enn fremur er óheimilt, að samtöl milli skipa eða skeyti milli skipa og strandarstöðva, innihaldi nokkrar upplýsingar um ferðir, fyrirhugaðar ferðir eða dvalarstað skipa, sem sigla í millilandaferðum, t. d. hvenær þau komi í eða láti úr brezkri höfn, hvenær þau búist við að landa eða selja fisk o. s. frv.